



Landsvirkjun

Alþingi  
Erindi nr. P 139/462  
komudagur 29.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 26.11.2010

Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um tillögu frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum, lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi, þingskjal 205 – 188. mál**

Að beiðni Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi, þingskjal 205 – 188. mál

Athugasemdir og ábendingar Landsvirkjunar við frumvarpið eru eftirfarandi, en tilvísanir eru til ákvæða frumvarpsins:

1. Landsvirkjun er sem kunnugt er sameignarfélag í eigu ríkisins og Eignarhluta ehf. sem eru í fullri eigu ríkisins. Eignarhlutir ehf. urðu sameigandi með ríkinu að félaginu þegar Reykjavíkurborg og Akureyri gengu úr félaginu en skilyrði er að sameigendur verði að vera tveir í sameignarfélagi. Eitt megin einkenni sameignarfélaga er að eigendur þess eru í ótakmarkaðri ábyrgð fyrir skuldbindingum félagsins og ef til gjaldþrota þess kemur þá komi bú eigenda þess samhliða til skipta. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að eigendur séu í einfaldri ábyrgð fyrir þeim skuldbindingum fyrirtækisins „sem heimilaðar eru“ skv. 9. gr. laganna um Landsvirkjun. Síðan segir: „Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins“. Þá segir í b-lið 1. gr. frumvarpsins að komi fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðsamninga eða gjaldþrotaskipti þá skuli ákvæði laga um gjaldþrotaskipti eiga við um Landsvirkjun „með sama hætti og um félag með takmarkaðri ábyrgð“.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til eru öll helstu einkenni Landsvirkjunar sem sameignarfélags afnumin. Þar sem ábyrgð eigenda Landsvirkjunar er í raun orðin takmörkuð hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki er eðlilegra að stíga skrefið til fulls og breyta félagsformi fyrirtækisins í hlutafélag eða opinbert hlutafélag innan ákveðins tíma og að uppfylltum þeim skilyrðum sem uppfylla þarf, m.a. vegna skuldbindinga í lána- og rafmagnssamningum fyrirtækisins. Í sumum tilvikum þarf að afla samþykkis eða hafa samráð við samningsaðila Landsvirkjunar vegna þessháttar breytingar. Í öllu falli er ástæða til að íhuga þá breytingu vandlega.

2. Í 2. gr. frumvarpsins segir í að nýjar lántökur sem njóta skulu ábyrgðar eigenda séu háðar samþykki fjármálaráðherra. Landsvirkjun gerir í sjálfu sér ekki athugasemd við



að sá háttur verði hafður á í framtíðinni. Miklu skiptir hins vegar að Landsvirkjun þurfi ekki í hvert sinn sem til nýrrar lánveitingar kemur að afla skriflegs samþykkis fjármálaráðherra fyrir lánveitingunni. Æskilegt er því að fjármálaráðherra hafi heimild í fjárlögum til þess að veita slíka ábyrgð til handa Landsvirkjun árlega upp að ákveðnu marki og nægilegt sé í kjölfarið að ráðherrann veiti Landsvirkjun heimildina einu sinni eða tvisvar á ári vegna fyrirhugaðra og nánar skilgreindra lánveitinga.

3. Í 3. gr. frumvarpis er gert ráð fyrir að ábyrgðir eigenda á lánaskuldbindingum Landsvirkjunar og skuldbindingum samkvæmt langtímarafmagnssamningum Landsvirkjunar við orkufrek fyrirtæki, sem nýta rafmagnið í eigin þágu og sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laganna, haldi gildi sínu eins og til þeirra var stofnað og þar til þær eru að fullu efndar. Landsvirkjun leggur áherslu á að þessu ákvæði verði ekki breytt.
4. Í 3. gr. frumvarpsins kemur jafnframt fram að Landsvirkjun beri að greiða ríkisábyrgðargjald, skv. lögum nr. 121/1997, vegna þeirra tveggja skuldbindinga sem stofnað hefur verið til og raktar eru í 3. tölulið hér að framan. Fyrir liggur tillaga um greiðslu ríkisábyrgðargjalds vegna lánaskuldbindinga upp á 0,45% en það er í dag 0,25%. Hér er um að ræða tekjuaukningu upp á um 600 milljónir króna fyrir ríkissjóð sem hlýtur að draga úr arðgreiðslum fyrirtækisins til eigenda sinna á móti. Ákvörðun hefur hins vegar ekki verið tekin um ríkisábyrgðargjald vegna gildandi rafmagnssamninga. Engar leiðbeiningar er að finna í frumvarpinu um hvernig það skuli reiknað, aðeins vísað til þess að óháður aðili muni leggja mat á hæfilegt ríkisábyrgðargjald vegna slíkra skuldbindinga samkvæmt langtímarafmagnssamningum. Að mati Landsvirkjunar getur slíkt gjald ekki orðið hátt. Verðmæti og gildi ábyrgða ríkisins í þessu efni er fyrst og fremst á byggingar- og framkvæmdatíma þeirra virkjana sem tengjast viðkomandi rafmagnssamningi. Þeir rafmagnssamningar sem hér um ræðir eru taldir upp í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. Í öllum tilvikum hefur verið lokið við byggingu virkjana er tengjast þessum rafmagnssamningum og ábyrgð og áhætta ríkisins til framtíðar því lítil sem engin. Aldeí hefur reynt á ábyrgð ríkisins vegna slíkra samninga.

Að öðru leyti gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri